

GJALDSKRÁ

fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og rotþróargjald í Fjallabyggð.

1. gr.

Fjallabyggð innheimtir gjald fyrir stofngjald fráveitu, fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. IV. kafla samþykktar um fráveitur og rotþrær í Fjallabyggð nr. 1294/2011.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

Fyrir einbýlishús	kr.	57.300	á hvert hús
Fyrir fjölbýlishús	kr.	19.100	á hverja íbúð
Fyrir annað húsnæði	kr.	76	á hvern m ³ í húsnæðinu að 4.000 m ³
	kr.	19	á hvern m ³ > 4.000 m ³

Stofngjald vegna tengingar í rotþró sveitarfélagsins:

Fyrir frístundahús kr. 240.000 á hvert hús

Ef um tvöfalt frárennislakerfi er að ræða skulu ofangreindar tölur margfaldaðar með tveimur.

Gjald miðast við ákvörðun bæjarstjórnar við gerð fjárhagsáætlunar samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,36% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja rotþró skal vera eftirfarandi árlega:

<i>Stærð í lítrum</i>	<i>Rotþróargjald í kr.</i>
0 - 2.000	7.600
2.001 - 4.000	9.600
4.001 - 6.000	10.800
6.001 - 8.000	13.400
8.001 - 10.000	17.900
Rotþró > 10.000	5.100 pr. umframrúmmetra.

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra.

Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 2.800.

Sé ekki hægt að tæma rotþró í reglubundinni yfirferð og því þurfi að fara aukaferð, skal húseigandi greiða aukagjald sem nemur 50% af tæmingargjaldi til viðbótar við ofangreind rotþróargjöld.

5. gr.

Gjaldskrá þessa skal bæjarstjórn taka til endurskoðunar við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

6. gr.

Gjald fyrir útselda vinnu starfsmanna í þjónustumiðstöð Fjallabyggðar er sem hér segir:

<i>Starfsmaður</i>	<i>Verð pr./klst.</i>
Verkstjóri	kr. 5.000 + vsk
Vélamaður	kr. 4.700 + vsk
Iðnaðarmaður	kr. 5.000 + vsk
Verkamaður	kr. 4.200 + vsk

7. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

8. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af bæjarstjórn Fjallabyggðar með heimild samkvæmt 15. gr. laga nr. 9/2009 um rekstur fráveitna og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 34/2015 fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og rotþróargjald í Fjallabyggð.

Samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar þann 2. nóvember 2016.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 18. nóvember 2016.

Fjallabyggð, 21. desember 2016.

Gunnar Ingi Birgisson bæjarstjóri.